

Jákvæður agi á Íslandi – stjórnarfundur 6. júní 2019

Fjarfundur - í Reykjavík Ágúst Jakobsson, á Akureyri Aníta Jónsdóttir, Berglind Bergvinsdóttir, Hafdís Bjarnadóttir, Helga Jónsdóttir.

Dagskrá:

Verkaskipting stjórnar. Stjórn skiptir með sér verkum þannig að Ágúst er formaður, Aníta gjaldkeri og Jónína ritari.

Fjármál. Búið er að senda félagsgjöld til innheimtu, áætluð innkoma ársins í félagsgjöldum er ca 250 þús. Útistandandi eru eftirstöðvar vegna námskeiðs síðasta vor, gjald vegna léns/heimasíðu, veitinga á aðalfundi og móttöku franskra gesta. Eftirstöðvar eftir greiðslu á framangreindu væntanlega um 170 þús kr.

Gagnamál. Umræður um form á geymslu gagna samtakanna. ÁFJ falið að stofna svæði til gagnavörslu. Samþykkt að birta nöfn félagsmanna á heimasíðu.

Útgáfumál. Ekkert nýtt að fréttu af útgáfu nýju handbókarinnar hjá samtökunum úti en hún er búin að vera væntanleg nokkuð lengi. Líklegt að hún verði gefin út samhliða Think Tank í sumar. Þegar hún kemur út munum við leita eftir þýðingarsamningi. ÁFJ falið að leita eftir þýðingarsamningi vegna leikskólabókarinnar.

Væntanlegar heimsóknir.

Theresa LaSala kemur til landsins 11. september. Er reiðubúin til námskeiðahalds í annarri viku heimsóknarinnar, Borgarhólsskóli og Þingeyjarskóli ætla væntanlega að nýta sér það. Hún er einnig tilbúin til að koma í heimsókn í skóla til ráðgjafar o.þ.h. Rætt um að stefna að námskeiði með Theresu þann 21. september þar sem áherslan verði á áföll barna. HJ verður í sambandi við hana vegna þessa.

Nadine Gaudin verður á landinu 30. október til 3. nóvember. Stefnt er að því að hún haldi námskeið fyrir stjórnendur skóla, hugsanlega tvö ef þátttaka verður næg, hámarksfjöldi á námskeið er 20 manns. HJ fær nánari upplýsingar hjá henni til að setja af stað auglýsingar.

Umræður um fleiri hugsanlegar heimsóknir erlendis frá, t.d. er hópur búinn að hafa samband sem hefur áhuga á að koma til landsins næsta vetur.

Námskeiðahald framundan. Ágúst verður með tveggja daga námskeið í Kópavogi 8.-9. ágúst ef þátttaka fæst. Hugsanlega verður einnig tveggja daga námskeið á Akureyri í byrjun september.

Ýmislegt. Helga stefnir á að fara í ACT næsta vetur og fá þar með þjálfararéttindi. Umræður um foreldranámskeið, hvort þau þurfi að fara í gegnum samtökin úti, ÁFJ leitar upplýsinga. ÁFJ og HJ munu fara á Think Tank í Seattle í sumar, ekki vitað um fleiri. Vangaveltur um að samtökin haldi hugsanlega Evrópuráðstefnuna í nokkuð náinni framtíð..

Næsti stjórnarfundur 19. júní kl. 16:00 í gegnum messenger.